

Eystrahorn

38. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 29. október 2020

www.eystrahorn.is

Orkudrykkjaneysla ungmenna

Undanfarið hefur talsverð umræða farið fram um afleiðingar orkudrykkjaneyslu á heilsu og líðan ungmenna, en orkudrykkir er vinsæll svaladrykkur meðal þeirra. Innihaldsefni í þessum drykkjum geta verið nokkuð mismunandi en sameiginlegt með þeim er að þeir innihalda allir töluvert magn af koffíni.

Samkvæmt nýlegri rannsókn sem gerð var af Áhættumatsnefnd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til könnunar á heilsufarslegri áhættu vegna neyslu orkudrykkja ungmenna í 8.-10. bekk kom í ljós að neysla íslenskra ungmenna á orkudrykkjum sem innihalda koffín er með því mesta sem þekktist í Evrópu. Niðurstöðurnar sýna að um 30% íslenskra ungmenna í 8. bekk drekka orkudrykki er innihalda koffín, að neyslan eykst með aldrinum og er um 50% meðal ungmenna í 10. bekk.

Rannsóknir hafa leitt í ljós sterkt neikvætt samband á milli neyslu orkudrykkja og svefnis. Ungmennin eiga erfiðara með að sofa og hlutfall þeirra sem segjast sofa 6 tíma eða minna á sólarhring er tæplega 16% sem er mjög hátt.


Í einum 200 milligramma kaffibolla eru um 100 mg. af koffíni og í einni 300 milligramma orkudrykkjadós er magnið á bilinu 100 – 180 mg. Hæfilegt er

talið fyrir fullorðinn einstakling að drekka 2 – 4 bolla af kaffi á dag en ekki er óalgengt að unglingar í 8. – 10. bekk drekki tvær til þrjár orkudrykkjadósir, þannig að þeir geta verið að innbyrða 200 – 400 mg. af koffíni daglega. Afleiðingarnar koma svo fram í hjartsláttartruflunum, svefnleysi, svima, kviða og streitu svo eitthvað sé nefnt.


Rannsóknir & greining hafa um árabil kannað neyslu ungmenna á orkudrykkjum og á svefvenjum þeirra. Á Hornafirði fáum við niðurstöður okkar ungmenna til hliðsjónar við landið í heild.

Markaðssetningu orkudrykkja er í auknum mæli beint sérstaklega að börnum og ungmennum. Umbúðirnar eru orðnar litríkari, meira úrval er af bragðtegundum og eru drykkirnir oft settir fram sem svalandi íþróttadrykkir sem stuðli að hreysti og þeim stíllt upp á áberandi stöðum í verslunum. Mikilvægt er að börn, ungmenni og foreldrar geri sér grein fyrir þeim afleiðingum sem neysla þessara drykkja getur haft á heilsu og líðan barna og ungmenna, einnig er mikilvægt að söluaðilar drykkjanna sýni samfélagslega ábyrgð með því að markaðssetja þá ekki sem skaðlaus, hressandi svaladrykki.

Stýrihópur um Heilsuefndi samfélag



Hér má sjá svörun hornfirskra ungmenna á orkudrykkjaneyslu frá því í apríl s.l. samanborið við landið í heild.



Yfirlit yfir svefn hornfirskra nemenda í 8.-10. bekk

Heimildir:

Rannsóknir og Greining
<https://rannsoknir.is/>

Embætti Landlæknis
<https://www.landlaeknir.is/>

Matvælastofnun

<https://www.mast.is/is/um-mast/utgefid-efni/skyrslur/neysla-ungmenna-a-orkudrykkjum-gefur-tilefni-til-adgerda>

**Langur laugardagur opið frá
kl. 13:00-16:00**

Senn líður að jólum og nú ríkir jólastemning í verslun okkar.

Erum með mikið úrval af fallegum jólavörum einnig vorum við að fá pottablómið nóvember kaktus

Hlökkum til að taka á móti ykkur

**Opið frá kl. 13-18 virka daga
Símar: 478-2535 / 898-3664**

Húsgagnaaval

Húsgögn og gjafavörur



upplausn

HEIMASÍÐUR

UMBROT OG AUGLÝSINGAR

Hafðu samband:
tjorvi@upplausn.is
 eða í s: 848-3933

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA FÉLAGAR Í FEH



Endilega notið ykkur það sem leyfilegt er að stunda samkvæmt auglýstri dagskrá félagsins. Það er: ganga, boccia, snóker, þythokki, leikfimi, spil og handavinna. Förum að öllum sóttvarnareglum. Samstaða er besta vörnin.

Nú fást **Volare** vörurnar hjá Flikk hárgreiðslustofu.

Náttúrulegar húð- og heilsuvörur





Andlát

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Sveinbjargar Eiríksdóttur

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði fyrir einstaka ummönun og alúð.



*Elín Kristjana Þorvaldsdóttir - Jón Hafdal
 Þorgeir Guðjón Þorvaldsson - Lovísa Guðmundsdóttir
 Rannvá Didriksen
 börn, barnabörn, og barnabarnabörn*

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.
 Rnr. 0537-14-409068
 Kt. 500210-2490



Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
 Útgefandi:..... HLS ehf.
 Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
 Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
 Prófararklestur.... Guðlaug Hestnes
 Umbrot: Tjörvi Óskarsson
 Prentun: Litlaprent
 ISSN 1670-4126




Atvinnutækifæri

Umboðsmaður á Höfn

Óskum eftir umboðsmanni Hertz á Höfn.
 Nánari upplýsingar á www.hertz.is/atvinna
 Einnig í tölvupósti: atvinna@hertz.is

ADVENT - Boð á rafræna ráðstefnu

ADVENT - Adventure tourism in vocational education and training er alþjóðlegt menntaverkefni styrkt af Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins. Verkefni þetta hófst haustið 2017 og er samstarfsverkefni framhalds- og háskóla, rannsóknarstofnana, ferðapjónustuklasa og minni fyrirtækja í ævintýraferðapjónustu. Þeir aðilar sem standa að verkefninu koma frá Finnlandi, Skotlandi og Íslandi. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) hefur veitt verkefninu forystu og nú þegar líður að lokum verkefnisins býður FAS til rafrænnar lokaráðstefnu 6. nóvember nk. kl. 09:00 – 12:20.



Áhugaverðir fyrirlestrar verða fluttir á ráðstefnunni auk þess sem greint verður frá tilgangi, uppbyggingu og afrakstri verkefnisins. Fundurinn fer fram í gegnum Teams og eru ráðstefnugestir hvattir til að taka virkan þátt í umræðum og skrá sig til leiks með því að senda póst á info@adventureedu.eu fyrir **fimmtudaginn 5. nóvember**. Sjá dagskrá ráðstefnunnar í auglýsingu í blaðinu.



Erasmus+

This project is funded by the European Union.

Fyrir hönd ADVENT verkefnisins,
Hulda L. Hauksdóttir



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Ljósleiðari í Nesjum

Nú stýttist í að ljósleiðari í Nesjum sé tilbúinn til notkunar. Enn eiga nokkrir eigendur húsa eftir að óska eftir tengingu.

Tengigjaldið er 280.000 kr. án vsk. húseigendur geta valið sér þjónustuveitanda. Áhugsamir sem nú þegar hafa ekki skráð sig fyrir tengingu er bent á að sækja um á íbúagátt sveitarfélagsins undir *umsóknir / framkvæmdir og skipulag* fyrir 8. nóvember næstkomandi.

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Starfsmenntun og þjálfun í ævintýraferðamennsku

ADVENT - Adventure tourism in vocational education and training

Boð á rafræna ráðstefnu 6. nóvember 2020
kl. 09:00 – 12:20

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í ráðstefnunni geta skráð sig á netfanginu info@adventureedu.eu fyrir **fimmtudaginn 5. nóvember**.

Dagskrá

- 09:00 Setning ráðstefnunnar**
Eyjólfur Guðmundsson - Skólameistari FAS
- 09:10 Opnunarávarp**
Þórdís K.R. Gylfadóttir - Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
- 09:20 Skiptir ferðapjónustan máli?**
Þorvarður Árnason - Forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði
- 09:35 Skref í átt að farsælli og ábyrgri ferðapjónustu**
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir - Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála
- 10:00 Kynning á Advent verkefninu**
Hulda Laxdal Hauksdóttir - Verkefnastjóri Advent
- 10:15 --- Kaffi hlé ---**
- 10:25 Kynning á námskeiðum** **Finnland**
- 10:40 Kynning á námskeiðum** **Skotland**
- 10:55 Kynning á námskeiðum** **Ísland**
- 11:10 Pallborðsumræður**
Eyjólfur Guðmundsson - Skólameistari FAS
- 12:00 Almennar umræður**
Eyjólfur Guðmundsson - Skólameistari FAS
- 12:10 Ráðstefnuslit**
Matthildur Ásmundardóttir - Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Erasmus+


This project is funded by the European Union.



VINNUM SAMAN

Tryggðu þér áskrift að **Stöð 2 Sport Ísland** fyrir aðeins **3.990 kr./mán** og styrktu þitt lið

Hver áskrift gefur lönu þínu 1.078 kr.



Nánar á stod2.is/vinnusaman



Ostur í dulargervi

Íslenskir bændur eiga skilið að staðið sé við gerða samninga og að þeir sitji við sama borð og samkeppnisaðilar þeirra. Flest ríki í heiminum nota tolla til að vernda sinn landbúnað. Það gera sér allir grein fyrir mikilvægi þess að hlúa að landbúnaði og þar með að tryggja fæðuöryggi þjóðar. Í ljós hefur komið að umfangsmikill misbrestur hefur orðið á tollskráningu landbúnaðarafurða frá Evrópu til Íslands. Það er ekki nóg að hafa tollasamning ef innflutningsaðilar fara ekki eftir honum og opinbert eftirlit er ekki fullnægjandi.

Ostur fluttur inn sem ostalíki í tonnavís

Í minnisblaði sem barst nefndinni frá Bændasamtökum Íslands kemur fram að árið 2019 hafi verið flutt inn 299 tonn af mozzarellaosti með viðbættri pálmaolíu. Við nánari athugun kom svo í ljós að um var að ræða annarsvegar mozzarellablöndu þar sem uppistaðan er um 83% ostur og í hinu tilvikinu er um að ræða 100% ost. Til framleiðslu á þessu magni af osti þarf um 3.000.000 lítra af mjólk en það svarar til ársframleiðslu 8-10 íslenskra kúabúa. Eftir að grunsemdir

vöknudu um ranga skráningu óskaði MS eftir bindandi álit skattsins um tollflokkun á tveimur tilteknum vörum.

Viðbrögð yfirvalda

Fjármálaráðneytið hefur staðfest að þessi mozzarellaostur, eigi að bera toll enda sé hann ostur en ekki ostalíki. Þrátt fyrir það hafa tollayfirvöld ekki enn lagt toll á vöruna, en 48 tonn voru flutt inn í ágúst. Þingmenn Framsóknarflokksins áttu frumkvæði að því að málið var tekið upp í Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Nefndin hefur ekki lokið sinni umfjöllun en vinna nefndarinnar og fjármálaráðuneytisins hefur nú þegar staðfest að það er fullt tilefni til að skoða þessi mál nánar og bregðast við með viðeigandi hætti.

Tap ríkissjóðs og töpuð störf

Einhverjir halda því fram að hér sé um að ræða misbrest á framkvæmd samninga. Hvernig er hægt að nota slíkt orðalag þegar kerfisbundið er verið að flytja inn afurðir úr mjólk, kjóti, eggjum og grænmeti fram hjá kerfinu til þess að losna við að borga skatta í ríkissjóð? Ríkissjóður verður af



gífurlegum fjárhæðum, verið að setja störf innanlands í hættu, bændur og neytendur hljóta skaða af.

Íslenskir bændur hafa ekki burði til þess að standa undir samkeppni á innfluttum landbúnaðarvörum þegar þær eru fluttar inn á undirverði og án tolla. Við verðum að standa vörð um íslenskan landbúnað, tryggja fæðuöryggi og störf í landinu. Áfram veginn!

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins

Bókakynning - Hugurinn einatt hleypur minn

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi hefur nýlega gefið út ljóðabók eftir austfirsku nítjándu aldar skáldkonu, Guðnýju Árnadóttur (1813–1897) sem var á sinni tíð þekkt undir heitinu Skáld-Guðný. Það segir nokkuð um álit samferðamanna á skáldkonunni. Bókin hlaut heitið: *Hugurinn einatt hleypur minn* og er sótt í fyrsta erindi ævikvæðis sem Guðný orti. Mikill hluti af kvæðum Guðnýjar hefur varðveist í handriti sem skráð var í Hornafirði árið 1876 og er nú í Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum. Afkomendur Guðnýjar í Lóni og Hornafirði hafa líka varðveitt kvæði eftir formóður sína sem er ómetanlegt. Lítið hefur áður birst af kvæðum Guðnýjar en hér kemur fyrir sjónir lesenda allt sem varðveist hefur af kveðskap hennar.

Rúmlega þriðjungur bókarinnar er ítarleg og áhugaverð ritgerð um æviferil Guðnýjar og kveðskap hennar. Höfundar eru Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur og Rósa Þorsteinsdóttir, þjóðfræðingur við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Guðný Árnadóttir var fædd á Valþjófsstað í Fljótsdal og þar ólst hún upp fyrstu misserin hjá foreldrum sínum, Hallgerði Grímsdóttur og Árna Stefánsyni. Síðan bjuggu þau í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði, lengst á Kappeyri í Fáskrúðsfirði. Laust eftir 1870 flutti Guðný til Bjarna sonar síns að Hvalnesi í Lóni og þar



átti hún heima til æviloka, árið 1897. Fyrstu árin í Lóni stundaði hún ljósmóðurstörf við góðan orðstír. Saga Guðnýjar Árnadóttur er sérstök og mjög áhugaverð. Hún var alin upp við mikla fátækt og átti að mörgu leyti erfiða ævi en skildi eftir sig mikinn fjársjóð í ljóðum, rímum og lausavísum. Við sem getum notið kvæða hennar stöndum í þakkarskuld við það ágæta fólk í Lóni og Hornafirði sem stuðlað hefur að varðveislu kveðskapar Guðnýjar. Og nú leita kvæðin lesenda þegar liðið er nokkuð á aðra öld frá dauða höfundarins.

Útgáfan hlaut styrki frá Uppbyggingarsjóði Austurlands, Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppi og auk þess frá nokkrum einstaklingum.

Bókina má panta hjá útgefanda með pósti á netfangið: maggistef1@simnet.is eða í síma 867-2811

